# Raflagnateikning 1 (RLTV2HT05)-Kvöldskóli
## Námsáætlun vorönn 2026



| Kennari: | Gísli Örn Guðmundsson | Skammst. | GÖG |
|---|---|---|---|

## ÁFANGALÝSING:

Megin áhersla áfangans felur í sér að nemendur tileinki sér lestur og teikningu raflagnateikninga. Þau fá þjálfun í að teikna og lesa úr raflagnateikningum og lögð er áhersla á lagnir til og með 63 Amper. Farið verður í staðalákvæði og öryggisþætti við frágang raflagnateikninga. Nemendur læra að tölvuteikna teikningar af raflögn. Þá er þeim kennt að gera magntöluskrá og meta kostnað við lagningu raflagna samkvæmt raflagnateikningu.

### Markmið:

**Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- reglum um blaðstærð fyrir teikningar, mælikvarða þeirra og teikniáhöld
- íslenskum staðali um raflagnateikningar fyrir smærri neysluveitur til og með 63 A
- heitum og hugtökum raflagnateikninga
- magn- og kostnaðartöku raflagna

**Leikniviðmið - Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- lesa úr raflagnateikningum
- lesa allar nauðsynlegar upplýsingar úr raflagnateikninu svo hann geti lagt raflögn eftir þeim
- gera teikningu að smærri neysluveitu s.s. fyrir íbúð og sumarhús með teiknireglur og staðalákvæði að leiðarljósi

**Hæfniviðmið - Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- velja og ákvarða efni fyrir raflagnir í neysluveitum til og með 63 A
- meta magn og kostnað við ofangreindar raflagnir
- framfylgja ákvæðum staðals við gerð raflagnateikninga
- nýta sér hugtök og heiti sem nota þarf við gerð raflagnateikninga

### Námsgögn:

- Námsgögn aðgengileg á Moodle, úthlutað af kennara eftir þörfum
- Mælikvarði með skala, 1:50 og 1:100. Skapalón fyrir raflagnatákn. (fáanlegt í A4 og Pennanum eða á Iðnú)

## ÁÆTLUN UM YFIRFERÐ OG FYRIRLÖGN NÁMSMATSÞÁTTA:

| Vika | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Verkefni | Vægi |
|---|---|---|---|
| 12 | Kynning á námsefni og notkun teikniforritsins AutoCAD. Kennsla í notkun teikniforritsins AutoCAD. Könnun, Spurningar úr ÍST150-151 | Könnun | 5% |
| Lota 1 (vika 12-13) | Einbýli ein hæð. Greining á þörfum. Rafkerfi skipulagt og einlínumynd teiknuð. (Tölvuteikning) | Verkefni 1 | 15% |
| Lota 2 (vika 13-16) | Einbýli ein hæð. staðsetning tákna og raflagnir teiknaðar. Merkingar greina og hæða (Tölvuteikning) | Verkefni 2 | 20% |
| Lota 3 (vika 16) | Einbýli ein hæð. Smáspenna. (Tölvuteikning) | Verkefni 3 | 10% |
| Lota 4 (vika 17-18) | Einbýlishús. Skipulag rafkerfis og einlínumynd. (Teiknað á pappír ) | Verkefni 4 | 15% |
| Lota 5 (vika 18-19) | Tákn staðsett og lagnir teiknaðar, merking greina og hæðamerkinar (Teiknað á pappír) | Verkefni 5 | 20% |
| Lota 6 (vika 19) | Smáspenna, almennar skýringar snið og afstöðumynd. (Teiknað á pappír) | Verkefni 6 | 10% |
| Lota 7 (vika 20) | Magntaka. (Teiknað á pappír) | Verkefni 7 | 5% |

## NÁMSMAT OG VÆGI NÁMSMATSÞÁTTA:

**Matsform:** ☒**Símat** ☐ **Lokapróf/valið lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþáttar | Vægi |
|---|---|---|
| Lota 1-7 | Verkefni 1-7 | 95% |
| Könnun | Könnun úr ÍST 150-151 | 5% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**
**Annað: Athugið að breytingar geta orðið á námsáætlun ef þörf krefur. Þær breytingar eru ekki gerðar nema í samráði við nemendur og aðstandendur í þeim tilfellum sem það á við.**